

**3377. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
27. júní 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1903119 - Fundargerðir 2019 - Sorpurðun Vesturlands hf.**

Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 3. apríl 2019.  
Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 19. júní 2019.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**2. 1905404 - Langtímaveikindi starfsmanna 2019 - ráðstöfun fjármuna  
(veikindapottur)**

Umsóknir stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott vegna tímabilsins janúar til og með júní.

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að úthluta samtals kr. 18.160.000 úr veikindapotti Akraneskaupstaðar vegna tímabilsins janúar til og með júní 2019. Um er að ræða helming af heildarfjárhæð umsókna en ákvörðun um endalega úthlutun vegna tímabilsins verður tekin í lok árs þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um heildarútgjöld stofnana vegna þessa á árinu.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 6 að upphæð kr. 18.160.000 við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna úthlutun úr veikindapotti. Útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-1690 og fært á eftirfarandi stofnanir:*

*04230-1691; kr. 6.212.000.  
04220-1691; kr. 2.815.000.  
04120-1691; kr. 1.995.000.  
04130-1691; kr. 1.011.000.  
04140-1691; kr. 494.000.  
04160-1691; kr. 1.046.000.  
04510-1691; kr. 357.000.  
06510-1691; kr. 1.792.000.  
06310-1691; kr. 76.000.  
02530-1691; kr. 854.000.  
02320-1691; kr. 369.000.  
02020-1691; kr. 1.139.000.*

ELA  
SPI

**3. 1903285 - Reglur um styrk til heilsueflingar**

Tillaga um endurskoðun reglna um styrki til heilsueflingar starfsmanna Akraneskaupstaðar.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir breytingar á reglum um heilsueflingu starfsmanna Akraneskaupstaðar. Reglurnar eiga að taka gildi þann 1. janúar 2020 og er þeim því vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2020 en gera skal ráð fyrir hækkun fjárheimildar á lið 21690-1790.*

**4. 1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar**

Drög að Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð vísar drögum að jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar til umsagnar hjá fagráðum kaupstaðarins. Umsagnir skulu berast eigi síðar en 31. júlí næstkomandi.*

**5. 1905257 - Skagapassinn**

Tillaga er varðar "Skagapassann".

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að tekinn verði upp svonefndur Skagapassi sem veitir aðgang í Akranesvita, sundlaugina á Jaðarsbökkum og Byggðasafnið og geti veitt handhafa passans afslátt af matseðli þeirra veitinga- og kaffihúsa á Akranesi sem taka þátt í verkefninu. Bæjarráð samþykkir að passinn verði seldur á kr. 1.500 og á sérstöku heildsöluverði til fyrirtækja sem vilja selja passann í sinni verslun, samtals kr. 1.250.*

*Bæjarráð samþykkir að stofnuð verði sérstök deild innan málaflokks 13 undir heitinu Skagapassinn og verður hún nr. 13670. Fjárveitingu vegna framleiðslukostnaðar, m.a. prentun, hönnun og markaðssetning samtals kr. 200.000 verður ráðstafað af 20830-4995.*

**6. 1906120 - Írskir dagar 2019 - stöðugjald vegna söluvagna**

Reglur um stöðuleyfi vegna Írskra daga 2018.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir reglur og gjald fyrir stöðuleyfi söluvagna á Írskum dögum.*

**7. 1906181 - Gjaldskrá Tjaldsvæðisins yfir Írska daga**

Tillaga að breytingu á gjaldskrá Tjaldsvæðisins í Kalmansvík yfir Írska daga.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir tillögu rekstraraðila um breytingar á gjaldskrá á Tjaldsvæðinu í Kalmansvík yfir Írska daga.*

*Breytingin er eftirfarandi:*

1. Aldur barna sem fá frítt á svæðið í foreldrafylgd hækkar úr 13 í 15 ára.
2. Einingarverð fyrir tjald, hjólhýsi, fellihýsi eða húsbíl er fellt niður til einföldunar og í þess stað tekið aukið gjald pr. einstakling.
3. Helgarverð fyrir 16 ára (á árinu) og eldri er hækkað úr kr. 2.500 í kr. 4.500.
4. Önnur gjöld taka mið af gildandi gjaldskrá.

*Gjaldskrá hátíðarinnar hefur ekki tekið breytingum í fjölda ára og þarf gjaldskrá að haldast í hendur við hækkun annarra kostnaðarþátta sem koma til gjalda vegna helgarinnar. Til að mynda eru tekin á leigu fleiri salerni, gæsla aukin til muna og fleiri starfsmenn sinna vöktun á svæðinu.*

#### **8. 1612106 - Guðlaug, heit laug - starfsleyfi o.fl.**

Rekstur Guðlaugar.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr áfram á fundinum og jafnframt tekur Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður ípróttamannvirkja sæti á fundinum undir þessum lið.

*Ásókn í laugina hefur farið fram úr björtustu vonum og mikilvægt að mæta þörf á auknu eftirliti og gæslu í Guðlaugu með auknu fjármagni.*

*Bæjarráð samþykkir fjárveitingu að fjárhæð kr. 1.750.000 sem ráðstafa skal af lið 20830-4995 og færast á lið 06570-1230.*

*Sædís Alexía og Ágústa Andrésdóttir víkja af fundinum.*

#### **9. 1811221 - Tillaga ungmennaráðs um samráðshóp**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 18. júní var samþykkt breyting á erindisbréfi Ungmennaráðs Akraness og því vísað til bæjarráðs til samþykktar. Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir og Valgerður Janusdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð tekur undir bókun skóla- og frístundaráðs og þakkar samráðshópi um hlutverk ungmennaráðs fyrir störf þeirra að mótun framtíðarstefnu um vettvang fyrir ungt fólk á Akranesi. Bæjarráð samþykkir hjálaga erindisbréf ungmennaráðs og að ráðið skuli vera launað í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um greiðslur fyrir fundarsetu í ráðum og nefndum.*

*Viðbótarfjármagn samtals kr. 405.000 fyrir árið 2019 skal ráðstafa af liðnum 21030-1691 og inn á lið 06010-1691. Gert skal ráð fyrir útgjöldum vegna starfa samráðshópsins við fjárhagsáætlunargerð 2020.*

#### **10. 1808057 - Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi**

Skóla- og frístundaráð lagði til á fundi sínum 4. júní að byggður verði nýr leikskóli sem byggir á þarfagreiningu með hagsmunaaðilum. Ráðið leggur einnig til að leiðir verði skoðaðar til að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks í eldri byggingum leikskólanna.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að koma með útfærðar tillögur í þessu efni sem innlegg í fjárhagsáætlanagerð ársins 2020. Með því að ráðast í byggingu á nýjum leikskóla næst að mæta ákalli eftir meiri þjónustu leikskólastigsins, íbúapróun og nýjum hugmyndum um gæði húsnæðis. Þessi hugmynd gerir ráð fyrir því að leikskólinn Garðasel flytjist í nýtt húsnæði sem skapar hagræði í stjórnun og rekstri og mætir að einhverju leiti húsnæðisþörf Grundaskóla.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja mat á áætlaða þörf fyrir leikskólapláss næstu fimm árin byggt á þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslu starfshópsins. Jafnframt er sviðsstjóra falið að afla upplýsinga um búsetu dreifingu barna á leikskólaaldri og spá fyrir um þróun hennar. Umbeðin gögn fylgi tillögu skóla- og frístundaráðs um byggingu nýs leikskóla inn í bæjarráð.

Valgerður Janusdóttir og Friðbjörg Eyrún sitja áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að hafinn verði undirbúningur að byggingu nýs leikskóla á Akranesi. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist á árinu 2020 og verði lokið haustið 2021. Að lokinni uppbyggingu leikskólans mun starfsemi Garðasels færast í aðstöðuna og Grundaskóli fá til afnota núverandi húsnæði Garðasels undir starfsemi sína.*

*Bæjarstjóra er falin frekari úrvinnsla málsins með tilliti til fjárhagslegra forsendna ákvörðunarinnar sem komi til formlegrar afgreiðslu við fjárhagsáætlunargerð ársins 2020.*

Valgerður Janusdóttir og Friðbjörg Eyrún víkja af fundi.

#### 11. 1904135 - Skógarhverfi 1. áf. fjölbýlishús - breyting á greinargerð

Kynnt var breyting á greinargerð sem felst í að í kafla 3.2. "Öll hús á skipulagssvæðinu eru látin standa við götu og snúa framhlið og aðalinngangur að henni." Verður eftir breytingu: Framhlið og aðalinngangur húss skal hvort heldur sem er snúa að götu eða frá henni. Ennfremur sé tryggt samræmi í hönnun húsa er varðar hliðar er snúa út að götu og sérnotafletir íbúða á jarðhæð. Grein 4.3.1, Almenn "Ef byggð verða svokölluð svalagangahús skal þess gætt að svefnherbergi snúi ekki að svalagangi." Verður eftir breytingu: Ef byggð verða svokölluð svalagangahús skal þess gætt að lágmarka fjölda svefnherbergi er snúi að svalagangi. Í slíkum tilvikum skal þess gætt að slíta svalagang frá húsi í samráði við byggingafulltrúa.

Grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 15. maí til og með 14. júní 2019. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Asparskóga 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18 og Beykiskógum 19. Engar athugasemdir bárust við breytinguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og að hún verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

#### 12. 1904143 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. rað- og parhús

Kynningarfundur var haldinn 9. maí og aftur 14. júní 2019. Skipulaginu var breytt vegna athugasemda sem bárust á fundinum 9. maí 2019.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga vegna lóða við Fagralund og Akralund, lögð fram.

Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga felst m.a. í að breyta einbýlishúsalóðum við Fagralund 1, 3, 5, 7 og 2, 4, 6 í tvær þriggja íbúða raðhúsalóðir og þrjár parhúsalóðir (12 íbúðir). Fjölbýlishúsalóðir við Akralund 8, 10, 12 og 14 er breytt í tvær fjögurra íbúða raðhúsalóðir (ein til tvær hæðir) og eina parhúsalóð, (ein til tvær hæðir).

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**13. 1805150 - Deiliskipulag Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 26. apríl t.o.m. 14. júní 2019. Engar athugasemdir bárust.

Felst breytingin m.a. í að afmörkuð er lóð fyrir reiðskemmu, norðan aðkomuleiðar að hverfinu, vegi syðst á skipulagssvæðinu er breytt til samræmis við núverandi legu.

Komið hefur ósk um að byggingarreitur verði færður frá reiðleið um 2m frá auglýstu skipulagi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir þá breytingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og að hún verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**14. 1906116 - Fjólulundur 1 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Vil ehf. um byggingarlóð við Fjólulund 1. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Fjólulund 1 til umsækjanda.*

**15. 1906089 - Asparskógar 13 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn S126 um byggingarlóð við Asparskóga 13. Umsóknargjald hefur verið greitt og umsókn því tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Asparskóga 13 til umsækjanda.*

**16. 1906179 - Asparskógar 19 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Modulus eignarhaldsfélag ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 19. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Asparskóga 19 til umsækjanda.*

**17. 1906180 - Asparskógar 21 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Modulus eignarhaldsfélag ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 21. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Asparskóga 21 til umsækjanda.*

**18. 1904098 - Suðurgata 121 bílgeymsluþak - grenndarkynning**

Erindið var grenndarkynnt frá 20. maí til 20. júní 2019, fyrir lóðarhöfum við Suðurgötu 119, 120, 122, 124, Skagabraut 9-11, 15, 17, 19 og 21. Samþykki eigenda á Skagabraut 9-11 og Skagabraut 10 barst á tímabilinu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna.*

**19. 1906184 - Starf eldvarnareftirlitsmanns**

Beiðni um ráðningu eldvarnareftirlitsmanns hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar

*Bæjarráð heimilar tímabundna ráðningu eldvarnarfulltrúa hjá slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveit til ársloka 2020. Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins.*

**20. 1902024 - Vegir á Vesturlandi - ástand / tvöföldun vegar á Kjalarnesi 2019**

Ályktun bæjarráðs Akraness um ákvörðun Skipulagsstofnunar um að breikkun Vesturlandsvegur um Kjalarnes skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Mögulegt era ð framkvæmdir tefjist um eitt ár vegna þessa.

*Bæjarráð Akraness samþykkir eftirfarandi bókun í tengslum við fyrirhugað umhverfismat á Vesturlandsvegi um Kjalarnes:*

*Skipulagsstofnun hefur tekið þá ákvörðun að breikkun Vesturlandsvegur um Kjalarnes skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt frétt Morgunblaðsins frá 14. júní s.l. kemur fram að ákvörðun Skipulagsstofnunar geti tafið vegaf framkvæmdir á Vesturlandsvegi um Kjalarnes um að minnsta kosti ár í viðbót þar sem matsferli Skipulagsstofnunar feli í sér marga tímafreka þætti.*

*Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa marg oft ályktað um mikilvægi vegaf framkvæmda um Vesturlandsveg og vakið athygli á þeim lífshættulegu aðstæðum sem vegfarendum þar er boðið upp á. Því er mikilvægt að bæði Vegagerðin og Skipulagsstofnun tryggji að tafir verði sem minnstar á framkvæmdum vegbóta við Vesturlandsveg um Kjalarnes.*

*Bæjarráð Akraness mun eins og áður halda áfram að fylgja þessu mikilvæga máli eftir og ítrekar að orð skuli standa.*

Akranesi, 27. júní 2019

*Elsa Lára Arnardóttir (sign)  
Valgarður Lyngdal Jónsson (sign)  
Ólafur Adolfsson (sign)*

**21. 1901194 - Skógræktarfélag Akraness 2019 - styrkir og land til skógræktar**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 24. júní sl. framkvæmdasamning við Skógræktarfélag Akraness. Samningnum er vísað til staðfestingar í bæjarráði Akraness.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Skógræktarfélags Akraness.  
Gert er ráð fyrir útgjöldum vegna samningsins í fjárhagsáætlun ársins.*

**22. 1906038 - Ustryzki Dolne Commune Póllandi - ósk um vinabæjarsamskipti**

Beiðni um vinabæjarsamstarf við Ustryzki Dolne í Póllandi.

*Bæjarráð getur ekki orðið við beiðninni og felur bæjarstjóra að svara erindinu.*

**23. 1906163 - Fasteignamat 2020**

Erindi Þjóðskrár Íslands um fasteignamat 2020.

*Bæjarráð Akraness mun hafa hækkun fasteignamats til hliðsjónar við ákvörðun fasteignagjalda á Akranesi vegna ársins 2020 eins og gert hefur verið undanfarin tvö ár. Bæjarráð mun taka mið af nýgerðum lífskjarasamningi aðila vinnumarkaðarins sem kveður á um að hámarki 2,5% hækkun að meðaltali á fasteignagjöldum á heimili og fyrirtæki.*

**24. 1906182 - Samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

*Bæjarráð Akraness fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.*

*Bæjarráð telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.*

*Bæjarráð lýsir sig tilbúið til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.*

*Á sínum vettvangi mun bæjarráð beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar Akraneskaupstaðar munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.*

**25. 1906196 - Útimarkaður á Akranesi 20. júlí 2019**

Beiðni Heiðars Mars Björnssonar f.h. Icelandic Documentary Film festival um að fá að setja upp útimarkað 20. júlí 2019.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar gerir ekki athugasemdir við að settur verði upp útimarkaður við Akratorg að því gefnu að tilskilinna leyfa verði aflað frá sýslumanni og öðrum opinberum aðilum sem koma þurfa að leyfisveitingu vegna slíks viðburðar.*

**26. 1903458 - Nýsköpunarsetrið á Grundartanga**

Erindi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um skipun í stjórn nýsköpunarseturs á Grundartanga.

*Bæjarráð samþykkir að gera tillögu um að Ragnar B. Sæmundsson verði fulltrúi Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og Þróunarfélags Grundartanga í stjórn Nýsköpunarsetursins á Grundartanga og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**27. 1906183 - Tekjustofn sveitarfélaga - umsögn v. frumvarps til laga um breytingu**

Drög að umsögn Akraneskaupstaðar vegna áforma Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um frumvarp til laga til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Umsögnin skal send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.

*Bæjarráð samþykkir umsögn Akraneskaupstaðar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Umsögnin er eftirfarandi:*

*Á fundi bæjarráðs Akranes þann 27. júní 2019 var fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem snúa að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*

*Bæjarráð Akraness fagnar frumvarpinu sem felur í sér aukna þátttöku Jöfnunarsjóðs í átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Eitt af markmiðum frumvarpsins er að rýmka heimildir Jöfnunarsjóðs til að úthluta sérstökum framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga, svo að kostnaður við framkvæmd sameininga sé ekki hindrun og hið sameinaða sveitarfélag standi ekki verr að vígi fjárhagslega en forverar þess gerðu hvert í sínu lagi.*

*Bæjarráð Akraness hvetur til þess að ríkið taki markvissan þátt í styrkingu sveitarstjórnarstigsins og fjárfesti í því með það að markmiði að sveitarfélög verði sjálfbærar þjónustu- og rekstrareiningar. Ekki verði einungis fjárhagslegir hvatar til sameiningar sveitarfélaga heldur ráði þar mestu að hagur íbúa sé hafður í öndvegi í öflugum sveitarfélögum sem bjóða íbúum sínum upp á góða þjónustu.*

*Samhliða þessu fagnar bæjarráð Akraness því að meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hafi fallið frá tímabundinni frystingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020 og 2021. Það er ljóst á þessari niðurstöðu að barátta sveitarfélaga og landshlutasamtaka gegn þessum áformum skilaði sveitarfélögum landsins jákvæðri niðurstöðu.*

*Bæjarráð Akraness, 27. júní 2019*

*Elsa Lára Arnardóttir (sign)  
Valgarður Lyngdal Jónsson (sign)  
Ólafur Adolfsson (sign)*

**28. 1901134 - Sambandið - ýmsar tilkynningar 2019**

Á 871. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var miðvikudaginn 29. maí sl., var samþykkt að boða til auka landsþings til að ræða tillögu að stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Hér með er því boðað til XXXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga og verður það haldið föstudaginn 6. september 2019 á Grand hótél Reykjavík. Landsþingið hefst kl. 10:30 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:00 sama dag.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð samþykkir að fulltrúar Akraneskaupstaðar á aukalandsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verði tilnefndir fulltrúar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akraness frá 12. júní 2018 sem eru eftirfarandi fulltrúar:*



Valgarður L. Jónsson  
Ragnar B. Sæmundsson  
Rakel Óskarsdóttir  
Sandra Sigurjónsdóttir

*Bæjarráð hvetur alla bæjarfulltrúa sem eiga þess kost að mæta á aukalandsþingið.*

**29. 1906082 - Sementsverksmiðja ríkisins - sagnfræðirit**

Styrkbeiðni til Akraneskaupstaðar vegna útgáfu sagnfræðirits um Sementsverksmiðju ríkisins.

*Bæjarráð þakkar erindið en getur ekki orðið við því.*

**30. 1901159 - Eignarhaldsfélagið Spölur hf. - hluthafafundur**

Tilkynning um arðgreiðslu frá Speli til hluthafa sem samþykkt var á aðalfundi Spalar ehf. þann 29. maí síðastliðinn.

*Lagt fram.*

**31. 1906108 - Kirkjubraut 8 - 10 - tækifærisleyfi vegna "Írskra daga"**

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni og umsókn Hús fasteignaviðhald ehf kt.600617-0360 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Írskra daga sem halda á að Kirkjubraut 8 og 10, Akranesi 5.-7. júlí 2019.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við leyfisveitinguna að uppfylltum skilyrðum sem slökkviliðsstjóri kann að setja fram.*

**32. 1906105 - Brunabótafélag - aðalfundarboð fulltrúaráðs**

Aðalfundarboð fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þann 20. september næstkomandi.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri sæki aðalfundinn f.h. Akraneskaupstaðar.*

**33. 1906164 - Kjaradeilu vísað til ríkissáttasemjara**

Erindi Verkalýðsfélags Akraness um að kjaradeilu hafi verið vísað til ríkissáttasemjara.

*Lagt fram.*

**34. 1905069 - Keilufélag Akraness - fyrirspurn um framkvæmdir**

Endurnýjun keilubrauta Keilufélagsins.

Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*ELA og VLJ taka jákvætt í erindi Keilufélagsins er varðar kaup á nýjum vélbúnaði fyrir keilubrautir samtals að fjárhæð um 13,0 mkr. og fela bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að finna fjárfestingunni stað í núverandi fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun án viðbótarútgjalda. ÓA situr hjá við afgreiðslu málsins.*

**35. 1904055 - Norðurálmótið 2019 - samningur**

Norðurálmótið var haldið dagana 21. til 23. júní síðastliðinn.

Bæjarráð þakkar skipuleggjendum mótsins kærlega fyrir þeirra störf og stórglæsilegt mót sem fór í alla staði vel fram venju samkvæmt.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10.**

Elsa Hára Arnardóttir

Valgerður L. Jónsdóttir

Ólafur Þorvaldursson

Samir Freyr Kristjánsson

Guðrún Þorvaldsdóttir